Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Erindisbréf f. bæjargjaldkera o.fl. 1888-1891

Aðfnr. 2239


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Frumvarp
til
## erindisbréfs fyrir bæjargjaldkerann í Reykjavík

### 1. grein

Gjaldkeri bæjarins tekur á móti öllum gjöldum þeim, sem gjalda ber í bæjarsjóð, hvort heldur eru þau, er jafnað er niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum, lóðargjöld eða önnur gjöld, sem renna eiga í bæjarsjóð, samkvæmt niðurjöfnunarskrá eða lóðarskrá eða eptir ávísun bæjarfógeta eða fjárhagsnefndarinnar í heild sinni. Hann greiði og öll gjöld, er bæjarsjóður á að svara til, en aðeins eptir ávísun fjárhagsnefndarinnar í heild sinni, nema slík gjöld séu sérstaklega tilnefnd í hinni árlegu áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins, sem er undirskrifuð af bæjarstjórninni í heild sinni. Hann verður og að gæta þess, að fá kvittun hlutaðeiganda fyrir hverju einu, er hann greiðir úr bæjarsjóði, annars verður það hans ábyrgðarhluti. —

### 2. grein.

Innan 1. dags marzmánaðar ár hvert, skal hann senda öllum bæjarbúum seðil yfir bæjargjöld þau, sem hver þeirra á að greiða það ár, hvort sem er niðurjöfnuð gjöld, lóðargjöld eða tíund til fátækra, og skal á seðlunum einnig tilfæra eptirstöðvar af bæjargjöldum fyrri ára, er ógreiddar kunna að vera. Heimtar hann þá þegar helming þessara gjalda, en hinn helminginn 1. dag september. Sömuleiðis skal hann og skýra þeim, sem jafnað er gjöldum á eptir nýár, þegar frá gjöldum þeirra og heimta á sama hátt og annara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarbúa. Áður en mánuður er liðinn frá gjalddaga skal gjaldkeri senda lista yfir ólokin bæjargjöld til allra þeirra, sem þá hafa eigi greitt þau að fullu, og krefja þá aptur um þau. — Séu gjöld eigi greidd mánuði eptir gjalddaga, skal hann þegar skýra bæjarfógeta frá, og senda honum lista yfir alla þá, er eigi hafa greitt gjöld sín, sem í gjalddaga eru komin, og hversu mikið hver eigi ógreitt og beiðast lögtaks á gjöldum þessum. —

3. grein

(Að minnsta kosti) 3 klukkustundir hvern virkan
Kl. 12-3 dag, frá kl. 1—4 eptir hádegi, skal gjaldkeri taka á móti innborgunum í bæjarsjóð og annast greiðslu úr honum. —

4. grein.

Bókum yfir tekjur og gjöld bæjarins skal hann haga eptir því, sem fjárhagsnefndin fyrir hann leggur, og að öðru leyti gæta þess, að tekjum öllum og gjöldum sé þar niður skipað samkvæmt áætluninni, og vandlega geyma þess, að rita hverjar helzt tekjur sem eru í þann tekjulið, sem þær heyra til, og gjöld öll í þann gjaldlið, sem þau heyra undir, svo að ávallt megi þegar sjá, hversu mikið sé innkomið af hverjum tekjum fyrir sig, og hversu mikið greitt af hverjum gjöldum ~~fyrir~~ sig. —

5. grein.

Við lok hvers ársfjórðungs og eigi síðar en viku eptir, skal gjaldkeri senda bæjarfógeta ágrip af öllum tekjum og gjöldum bæjarsjóðs hinn liðna ársfjórðunginn, og skal bæði tekjum og gjöldum þar niður skipað samkvæmt áætluninni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. grein.

Aðalreikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarsjóðs hið liðna ár skal bæjargjaldkeri semja þegar eptir nýjár, og semja hann enn samkvæmt áætluninni, og hafa sent hann bæjarfógeta sem formanni fjárhagsnefndarinnar eigi síðar en í lok febrúarmánaðar næst á eptir og láta þarmeð fylgja öll fylgiskjöl til sönnunar því, að tekjur og gjöld séu rétt talin. —

7. grein.

Gjöld hafnarsjóðsins ber honum að innheimta eptir ávísun hafnarnefndarinnar eða bæjarfógeta, hvort heldur eru leigur af lánum, skuldabréfum, eða önnur gjöld, og sjá um, að þau komi inn á réttum gjalddaga, og að öðruleyti að haga reikningum sjóðs þessa eptir vísbendingu nefndarinnar og fyrirskipunum, og sömuleiðis að senda bæjarfógeta ágrip af tekjum og gjöldum sjóðsins við lok hvers ársfjórðungs ásamt reikningum bæjarsjóðsins sjálfs, og sömuleiðis semja aðalreikning við árslok hver og senda bæjarfógeta ásamt aðalreikningi bæjarsjóðs. —

8. grein.

Brunabótagjöld öll heimtar hann fyrir hvert ár síðustu daga septembermánaðar ár hvert. Skrifar hann í sérstaka bók öll þau hús, sem eru í ábyrgð fyrir eldsvoða og hversu mikið gjald eigandi eigi að greiða fyrir hvert hús til bæjarins, og skrifar hann í aðra bók öll gjöldin jafnóðum og þau eru greidd. Hann semur og sérstakan reikning yfir gjöld þessi og lætur hann fylgja ársreikningi bæjarsjóðs og sendir bæjarfógeta. —

9. grein.

Vanræki gjaldkeri að heimta einhver gjöld, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarsjóði bera eða hafnarsjóði, eða brunabótagjöld, eða skýra bæjarfógeta frá, ef hann getur eigi náð þeim á réttum tíma, verður það hans ábyrgðar-hluti og svarar hann sjálfur til þeirra. —

10. grein.

Einsog gjaldkeri hefur rétt að krefjast þess, að öll gjöld til bæjarsjóðs séu honum goldin í peningum, eins er hann skyldur til að greiða öll gjöld úr bæjarsjóði í peningum einum, og getur alls eigi ~~krafist~~ þess, ~~eða~~ móttakendur taki vöru í stað þess, eða ávísað peningum hjá öðrum, nema móttakandi vilji fúslega. —

11. grein.

Fógeta og fjárhagsnefnd er hann skyldur að sýna alla reikninga, hvort heldur er reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, eða yfir brunabótagjöld, eins og hann er skyldur til að gefa ~~bæjar~~stjórninni í heild sinni, eða hinum sérstöku nefndum hennar, einkum fjárhags-nefnd allar þær skýrslur, sem þær beiðast viðvíkjandi fjárhag bæjarins, og fátækranefndinni viðvíkjandi þeim lið áætlunarinnar, sem snertir fátæka, og hafnarnefnd viðvíkjandi hafnarsjóðnum. —

12. grein.

Í öllu ber honum að sýna bæjarstjórninni hlýðni og öllum yfir höfuð kurteysi og velvild, sem við hann eiga að skipta. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um afhentar bækur, skjöl peninga og áhöld tilheyrandi bæjargjaldkerastarfi Reykjavíkur frá Birni Kristjánssyni í hendur Þ. Pjeturssyni bæjargjaldkera.

— " —

A Tilheyrandi bæjarsjóði.

1. Gjaldabók, löggilt 2 janúar 1891
2. Gjaldabók, löggilt 13. des. 1888
3. Kassabók, löggilt 1. apríl 1886
4. Höfuðbók, ólöggilt, nær frá árinu 1883—1891
5. Reikningsbók, löggilt 12. des 1887.
6. Reikningsbók, löggilt 8. desemb. 1890
7. Reikningsbók, löggilt 5. marz 1884
8. Reikningsbók, eða höfuðbók ólöggilt 1877—1883
9. Gjaldabók, löggilt 28. des. 1889.
10. Reikningsbók yfir utansveitarlán, löggilt 5. janúar 1887
11. Kvittunarbók yfir fastan styrk, meðlög og laun fyrir árið 1890.
12. Kvittunarbók sama innihalds fyrir árið 1891
13. Tekjubók sem nær yfir árið 1887—1891
14. Registur yfir ómagakvittunar bækurnar.
15. Lóðargjaldaskrá 1891
16. Niðurjöfnunarskrá 1891
17. Ómagalisti 1891
18. Skýrsla um fasteignartíund, og aðra um lausafjártíund 1890
19. Brjef bæjarfógetans 22/11 og 19/12 1890, og 23/1, 13/1, 2/2, 10/2 og 3/3 1891
20. Listi yfir ógreiddar túnleigur dags. 19. febrúar 1891
21. Listi yfir ógreidd bæjargjöld 1890, dags. 8. ágúst 1890
22. Fógetabók, löggilt 6. febrúar 1889.

Ennfremur fylgiskjöl tilheyrandi þessum gjaldliðum.

II. 1a. 1 fylgiskjal
II 1b. 4 fylgiskjal
II 4. 14 fylgiskjöl
II 5. 2 fylgiskjöl
II 6. 3 — " —
II 8 1 fylgiskjal
II 10 17 fylgiskjöl
II 11 1 fylgiskjal
II 12 10 fylgiskjöl
III 1a 2 — " — og áðurnefnd kvittunarbók
III 1b 10 — " — — " — — " —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. 1 c. 2 fylgiskjöl
III. 1. d. 1 fylgiskjal
III. 1. f. 2 fylgiskjöl
III. 2. 10 —"—
IV 1. d. 30 —"—
IV 2. a. 1 fylgiskjal
IV. 2. d. 3 fylgiskjöl
IV 3 2 —"—, öll þessi skjöl löglega ávísuð og kvittuð.

Ennfremur öskju með þennum, eyðublöð fyrir brunabóta-reikninga, bæjargjaldareikninga, tunnleigu reikninga og barnaskólagjalds kvittanir.

1 járnskápur nýlegur með 3. skúffum og 6 lyklum.

1 járnskápur gamall með 2. lyklum.

Í peningum samkvæmt uppgerðri gjaldabók Kr. 741.87 au — sjö hundruð fjörutíu og ein króna 87 au. Bankabók með 2956 K. 52 au.

B. Tilheyrandi hafnarsjóði

1. Reikningsbók, löggilt 8. nóv. 1856
2. Reikningsbók —"— 24. janúar 1887.
3. 7 kvittanir fyrir útborgunum samkv. gjaldabókinni.
4. 12 skuldabrjef bæjarsjóðs til hafnarsjóðsins.
5. 10. skuldabrjef einstakra manna til hafnarsjóðsins.
6. Bankabók með Kr. 2711. 85
7. Í peningum samkv. uppgjörðri reikningsbók Kr. 221,88 au tvöhundruð tuttugu og eina krónu 88 au.

C. Tilheyrandi brunabótasjóði

1. Reikningsbók, löggilt 13. des. 1888
2. 2 kvittanir fyrir útborgunum samkv. nefndri bók
3. 3 skuldabrjef til brunabótasjóðsins.
4. Bankabók með 2077 K 84 au
5. Í peningum samkv. uppgjörðri reikningsbókinni Kr. 211,64
6. 2 bækur yfir brunabótagjöld, ólöggiltar.

Framanskráðar bækur, skjöl, peninga og áhöld hef jeg meðtekið frá fyrverandi bæjargjaldkera hr. Birni Kristjánssyni.

Reykjavík 1. apríl 1891

Þ. Jensen[?]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K. 52 au.

8 au

11,64

la

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skýrsla

yfir

Ábyrgðir og borganir Kr. Ó. Þorgrímssonar eptir úrskurðum og athugasemdum við bæjarreikninga 1884. 1885 og 1886.

1884.

| | |
|---|---|
| Ábyrgðir fyrir Kr. Ó. Þorgrímsson — | 1-61 |
| Þar uppi greitt 1887 | 0-81. |
| Skuld — | 0-80. |

1885.

| | |
|---|---|
| Kr. Ó. Þorgrímsson á að fá endurgoldnar | 5-17 |
| Sami ber að greiða — | 4-12 |
| Til góða | 1-05 |

Fyrir 1884 og 1885 á Kr. Ó. Þorgr. til góða 0-25 a.

1886.

Samkvæmt úrskurðum 1886 frá [illegible]-31/10 ber Kr. Ó. Þorgrímssyni að greiða

| | | |
|---|---|---|
| Eptir 2. gr. | — | 20 — a |
| — 3. — | — | 50 — a |
| — 4. — | — | 0-63 |
| — 10. — | — | 0-07 |
| — 12. — | — | 314-64 |
| — 19. — | — | 0-10 |
| — 22. — | — | 6-62 |
| — 23. — | — | 2 — a |
| Flyt — | | 394-06 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fl. 394-06.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Epti 32 gr. | — | 0-10 | | |
| — 35. — | — | 5 — | | |
| — 37 — | — | 10 — | | |
| — 40 — | — | 30 — | | |
| — 42 — | — | 6 — | | |
| — 53 — | — | 215-05 | 660-21 | |

Epti urskurdi á reikningi frá 1/11 – 31/12 86 – 12 gr. 16-65 676-86

Epti athugasemdum Sighv. Bjarnasonar 70. gr. ber honum að standa skil á bæjargjöldum fyrir 1884, 1885, og 1886 ranglega töldum í eptirstöðvum — 114-66

Að frádregnum Ísak pósti 17-64 — 97-02

Epti athugasemdum E. Briems, B. Jónssonar og J. Olafssonar ber sama og að standa skil á:

Epti skjöl A. 64 —

20 Kr. vatnspen. talin áður sub. 2. gr. urskurðar. D. — 6-20 70-20.

Loks hefur hann sjálfur viðurkennt í bréfi bæjarfógeta 3 febr. 1887 nefndar upphæðir:

Nefnt bréf, skjöl 1. — 25 —

— 3. — 268-44.

Þarfrá dregst sjóðsþurð — 215-05 53-39.

áður talin að ofan sub. 53. urskurðar 1886

Skjölum 4-7 — 110-66.

Þarfrá dregst G. Símonar — 6-62 104-04 182-43

áður talin sub. 22. urskurðar 1886.

Alls gjöld samtals 1886 — 1026-51

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fl. 1026-51.

Kr. O. Þorgrímsson átti að fá endurgoldið eptir árskurðum á bæjarreikningi frá 1/1 – 31/12 86.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eptir 5. gr. | 0-08 | | |
| — 7. gr. | 261-59 | | |
| — 16. gr. | 10-„ | | |
| — 17. gr. | 6-65 | | |
| — 28. gr. | 10-„ | | |
| — 34. gr. | 5-„ | | |
| — 41. gr. | 10-„ | 303-32 | |
| Sami hefur einn borgað 1887 febr. 3. | | 409-„ | |
| sept. 12. | | 80-„ | |
| | | 792-32 | |
| Og á til góða frá 1884 og 85 — | | 0-25 | 792-57 |
| Eptirstandandi ábyrgðir 18/9 88 — | | | 233-94 |

Reykjavík 19. sept. 1888.

Halldór Daníelsson Halldór Jónsson Jón [illegible]

[illegible] Björn Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningabók gjk. 1822 – 37 og 1856 – 99 = 073.526
1908 – 38

gjald 1887 – 96 = → –
Tekju (= gjalda) bækur 1900 – 07 = 073.526.34
do 1908 – 14 = do

Gjaldabók (útgjöld) 1877 – 14 073.526.4

= Tekju- og gjaldabók. 1915 – 19 = 073.526.34 + 4

073.526.27
Sjóðbók 1873 – 19 1929 – 60 073.52

Höfuðbók 1915 – 20 .073.52
Aðalbók 1920 – 55 do
Sm. dagbók 1921 – 55

Reikningsyfirlit ? —

~~Fært var. 1889/1909~~
Aðalfylgibók 1908 – 30 [illegible]
Fylgib. 1928 – [illegible]

Ávísana og útgjaldabók 1861 – 68 : 1873 – 78

Kirkjumálabók bæjargjald. 1889 – 1914
Gjaldk. bæjargjald 1881 – 84
Ávísanabók 1879 – 1908 073.526.4
Ávísanabók 1909 – 14
Dagbók yfir áv. 1914 – 21
Innheimt. bæjarsk. 1921 – 29
Ávísanadagbók 1929
Innheimt. bæjarsj. 1929 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur